

## Til aðildarfélaga BHM vegna styttingar vinnuvikunnar

Aðildarfélög BHM hafa samið um styttingu vinnuvikunnar fyrir stóran hluta sinna félagsmanna en bandalagið hefur lengi bent á að stytting vinnuvikunnar feli í sér mikla lífskjarabót og sé eitt af lykilatriðum í samspili fjölskyldulífs og vinnumarkaðar. Hér á eftir koma gagnlegar upplýsingar er varða styttingu vinnuvikunnar, tímasetningar sem þarf að hafa í huga og hvar hægt er að nálgast útfærslu styttingar eftir því hvort um sé að ræða dagvinnu- eða vaktavinnustarfsmenn.

### Mikilvægar dagsetningar

Rauði þráðurinn í kjarasamningunum er sá að aðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og stofnana með betri vinnutíma. Markmið breytinganna er að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Mikilvægt er að hafa í huga eftirfarandi dagsetningar en samkvæmt samningum skal undirbúningur breytinganna þegar vera hafinn.<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Dagsetningarnar sem koma fram á myndinni og tilmælin þeim tengd gilda almennt fyrir aðildarfélög BHM. Hafa ber þó í huga að undirbúningur breytinganna átti að liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl síðastliðinn hjá Félagi háskólakennara. Samkomulag Félags sjúkraþjálfara um styttingu er þá öllu opnara og stjórnrot breytinga sett í hendur félagsmanna í samráði við yfirmenn á hverjum vinnustað.

## Stuðnings- og kynningarefni

Á vefnum [betrivinnutími](#) er stuðnings- og kynningarefni þar sem sjá má yfirlit yfir innleiðingarferlið og sýndar eru mismunandi útfærslur á styttingu vinnuvikunnar auk þess sem algengum spurningum er svarað.

Sjálf útfærslan á styttingu vinnutíma verður með ólíkum hætti eftir því hvort fólk vinnur í hefðbundinni dagvinnu ( [Stytting vinnuvikunnar fyrir dagvinnufólk](#)) eða vaktavinnu ( [Stytting vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk](#)). Þá er að finna [sérstakan vaktareikni](#) sem gefur

vaktavinnufólki kost á að fá glögga mynd af áhrifum kerfisbreytinga í vaktavinnu sem taka gildi 1. maí 2021 á vinnumagn og laun útfra fyrirleggjandi forsendum hvers og eins.

## Vinnutímahópur

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að starfsmenn eiga að skipa sína fulltrúa í sérstakan vinnutímahóp á hverri stofnun/vinnustað. Sá hópur er auk þess skipaður fulltrúum sem forstöðumaður velur.

Vinnutímahópurinn mun hafa aðgang að fræðsluefni um hvernig best er að haga þessari vinnu auk upplýsinga um leiðir til að auka skilvirkni og framleiðni svo hægt verði að stytta viðveru starfsmanna. Vinnutímahópur á hverjum vinnustað boðar síðan til umbótasamtals þar sem starfsmenn og stjórnendur ræða sameiginlega hvaða vinnutímafyrirkomulag henti best. Í kjölfarið leggur vinnutímahópurinn fram tillögu sem starfsmenn greiða atkvæði um.

## Námskeið

BHM mun vera með sérstakt námskeið fyrir trúnaðarmenn þar sem farið verður yfir þau skref sem þurfa að fara fram á hverjum vinnustað fyrir sig. Það verður auglýst síðar. Vinsamlega áframsendið þetta bréf á félagsmenn.

F.h. BHM



## Nánari upplýsingar veitir

Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM.

[vilhjalmur@bhm.is](mailto:vilhjalmur@bhm.is)

595 5128